

Upplýsingar úr uppgjöri

Árshlutareikningur F3 2025

Traustur rekstur og auknar tekjur af raforkusölu

- Hagnaður af grunnrekstri Landsvirkjunar á þriðja ársfjórðungi nam 6,8 milljörðum króna og handbært fé frá rekstri 5,6 milljörðum.
- Fjárhagur fyrirtækisins er áfram sterkur, eiginfjárhlutfall 63,1% og skulðsetning 1,5x rekstrarhagnaður fyrir afskriftir.
- Tekjur af raforkusölu jukust á tímabilinu miðað við sama tíma í fyrra.

Hörður Arnarson
Forstjóri



Rekstur aflstöðva Landsvirkjunar var áfram stöðugur á þriðja ársfjórðungi, í kjölfar þess að vatnsbúskapur batnaði til muna á fyrri hluta árs. Staða lóna er áfram góð og engar vísbendingar um að skerða þurfi afhendingu á raforku í vetur.

Afkoma tímabilsins var ásættanleg miðað við aðstæður. Tekjur af raforkusölu jukust um 7% frá sama tímabili ársins 2024 og er það einkum vegna álverðstengingar í samningum, en álverð hækkaði um 8%. Hagnaður af grunnrekstri dróst saman um 14% frá fyrra ári, m.a. vegna sektargreiðslu til Samkeppniseftirlits og aukins flutningskostnaðar raforku.

Fjárhagsleg staða er sem fyrr sterk, en nettó skuldir hafa lækkað um 39 milljónir bandaríkjadala frá áramótum og eiginfjárhlutfall í lok tímabilsins var 63,1%. Arðsemi eiginfjár fyrstu níu mánuði ársins jókst milli ára og var 7,8%, borin saman við 6,9% á sama tímabili 2024.

Alvarleg bilun hjá Norðuráli í október, sem olli því að framleiðsla stöðvaðist í tveimur þriðju hluta kera fyrirtækisins, hefur ekki áhrif á uppgjör þriðja ársfjórðungs. Verið er að meta áhrif bilunarinnar á fjárhag Landsvirkjunar, þar er meðal annars verið að skoða hvort kaupskylda Norðuráls sé áfram til staðar gagnvart Landsvirkjun og hvort tryggingar Landsvirkjunar bæti tjónið, komi til þess að kaupskyldan falli niður.

Lykiltölur

Selt magn

3,4 TWst ↓ 2%

Rekstrartekjur

142 m. USD ↑ 5%

Hagnaður fyrir óinnleysta fjármagnsliði

56 m. USD ↓ 14%

Handbært fé frá rekstri


46 m. USD ↓ 27%

Nettó skuldir

628 m. USD ↑ 4%

Eiginfjárlutfall

63,1% ↑ 0,7 prst.




Rekstur

Milljónir USD	F3 2025	F3 2024	%
Rekstrartekjur	142,1	134,9	5%
EBITDA	82,5	92,0	-10%
Hagnaður fyrir óinnl. fj.	56,0	65,0	-14%
Raforkusala (TWst)	3,4	3,5	-2%

Rekstrartekjur jukust um 5% á milli ára sem skýrist að mestu leyti af hækkunum á álverði, þar sem hluti af raforkusamningum er tengdur álverðum.


Hagnaður af grunnrekstri nam USD 56m og lækkaði um 14% á milli ára. Kostnaður var óvenju hár á tímabilinu vegna sektar Samkeppniseftirlits, einnig voru flutningsgjöld Landsnets há á tímabilinu.



Efnahagur

Milljónir USD	30.9. 2025	31.12. 2024	%
Eignir samtals	3.538,8	3.477,9	2%
Skuldir samtals	1.305,9	1.174,1	11%
Nettó skuldir	628,4	666,9	-6%
Eiginfjárlutfall	63,1%	66,2%	-3,1 prst.

Fjárhagsstaða Landsvirkjunar heldur áfram að vera sögulega sterk. Landsvirkjun er því vel í stakk búin til að takast á við byggingu Vaðölduvers og Hvammsvirkjunar, auk stækkunar Sigöldustöðvar.



Sjóðstreymi

Milljónir USD	F3 2025	F3 2024	%
Veltufé frá rekstri (FFO)	79,4	87,7	-9%
Handbært fé frá rekstri	46,1	63,0	-27%
Fjárfestingar	25,8	26,5	-3%
Fjármögnun	12,9	12,9	0%

Fjármunamyndun fyrirtækisins, handbært fé frá rekstri, dróst saman á milli ára en var áfram sögulega sterk. Landsvirkjun mun halda áfram að sýna ráðdeild í rekstri og hámarka verðmæti fyrir íslensku þjóðina.

